



Borgarráð

Erindisbréf stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu og aðgerðaráætlunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu og aðgerðaráætlunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík. Óskað er eftir því að borgarráð samþykki þá þrjá fulltrúa sem koma fram í erindisbréfi auk þess að tilnefna einn fulltrúa frá meirihluta og tvo frá minnihluta í hópinn. Hlutverk stýrihóps er gerð þverfaglegrar stefnumótunar og aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar um velferð barna og fjölskyldna þeirra sem skal taka heildstætt mið af umhverfi og aðstæðum barna á aldrinum 0-6 ára. Undir stýrihópnum starfi aðgerðarhópur en hlutverk hans er gerð samþættrar aðgerðaráætlunar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu og aðgerðaráætlunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík.



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun heildstæðrar stefnu og aðgerðaráætlunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Í gildandi samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar segir að skipuleggja eigi borgina út frá hagsmunum barna og barnafjölskyldna. Ráðist verði í heildstæða stefnumótun um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í samstarfi við fjölskyldur, börn, ríkið, sveitarfélög, fagfólk, hagsmunaaðila og atvinnulífið.

Markmið og hlutverk:

Gerð þverfaglegrar stefnumótunar og aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar um velferð barna og fjölskyldna þeirra sem skal taka heildstætt mið af umhverfi og aðstæðum barna á aldrinum 0-6 ára. Stefnumótunin dragi saman það helsta í núverandi Menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* m.a. um leikskólann sem fyrsta skólastigið, Velferðarstefnu Reykjavíkurborgar, Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, farsældarlögunum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Undir stýrihópnum starfi aðgerðarhópur en hlutverk hans er gerð samþættrar aðgerðaráætlunar.

Helstu verkefni stýrihóps:

- Gerð þverfaglegrar stefnu um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára byggt á fyrirliggjandi stefnumótun til þess að bæta þjónustu við börn á þessum aldri og foreldra / forsjáraðila þeirra. Horft verði m.a. til fyrirkomulags og samspils leikskólakerfisins sem fyrsta skólastigsins, dagforeldrakerfisins og fæðingarorlofs og hugsanlega lengingar þess og áhrifa á jafnrétti í víðum skilningi.

Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við stefnumótunina.

Stýrihópin skipa:

Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi - Formaður

Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður skóla- og frístundaráðs

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs

Fulltrúi meirihluta: Píratar/Viðreisn

Fulltrúi minnihluta: Sjálfstæðisflokkur

Fulltrúi minnihluta: Sósíalistar / Vinstri græn / Flokkur fólksins

Aðgerðarhópin skipi Magnea Gná Jóhannsdóttir borgarfulltrúi, sviðsstjórar SFS og VEL, fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Helstu verkefni aðgerðarhóps:

- Gerð aðgerðaráætlunar með samþættingu á fjölbreyttum lausnum og tillögum um,



- hvernig styðja megi betur við börn og foreldra/forsjáraðila barna á aldrinum 0 - 6 ára í Reykjavík með sérstakri áherslu á börn í erfiðri stöðu og að jafna stöðu þeirra.
- fjölþættar aðgerðir sem stuðla að því að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla
- aðgerðir til að bæta starfsumhverfi í leikskólum Reykjavíkur m.a. til þess að sporna gegn manneklu
- Ytra samráð með því að leiða saman helstu hagsmunaaðila eins og börn, foreldra, ríkið, sveitarfélög, fagfólk og atvinnulífið
- Kostnaðar- og jafnréttismeta þarf hverja tillögu fyrir sig

Starfsmenn:

Stýrihópi og aðgerðarhópi er heimilt að ráða utanaðkomandi ráðgjafa sem samhæfir stefnu og aðgerðaráætlun og heldur utan um ytra og innra samráð.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá lykilaðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Aðgerðarhópurinn leiti samráðs við helstu hagsmunaaðila eins og ríkið, sveitarfélög, fagfólk, stéttarfélög, atvinnulífið, þjónustuveitendur og hagsmunasamtök eins og Geðhjálp, Vinnumálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag dagforeldra í Reykjavík, Félag kvenna af erlendum uppruna, Fyrstu fimm, Heimili og skóli, Jafnréttisstofu, Kvenréttindafélagið, Móðurmál, Samtök sjálfstætt starfandi skóla, Umboðsmaður barna, Umhyggju o.fl.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn starfi frá maí 2023 til maí 2024.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri